

Reykjavík 08.05. 2020

Málefni; **Vegna fyrirspurnar R200300116**

Þær tölrænu upplýsingar sem borgarfulltrúi kallar eftir varðandi framleiðslukostnað á metani hafa ekki verið opinberaðar með formlegum hætti en þó má láta þess getið að heildsöluverð frá SORPU er innan við helmingur af smásöluverði metans á dælu. Mismunurinn er flutningskostnaður og álagning smásala. Samkvæmt starfsleyfi er SORPU gert að brenna því metani sem ekki selst, til að draga úr skaðlegum áhrifum metans sem gróðurhúsalofttegundar. Það magn metans sem þannig þarf að brenna á ársgrundvelli var 1.694.000 Nm³ árið 2019. Fyrir liggur að fjárfesta þarf í nýjum gasbrennara til að ætíð sé hægt að mæta kröfum starfsleyfis eftir að framleiðslugeta metans tvöfaldast með gangsetningu Gas- og jarðgerðarstöðvar. Hins vegar er það stefna SORPU að selja allt framleitt metan og hvað varðar sölu á metani þá er í gangi mikið átak í markaðsþróun innan SORPU varðandi afsetningu metans og tengist það gangsetningu Gas- og jarðgerðarstöðvar. Eitt af því sem skoðað er sérstaklega í því átaki eru möguleikar SORPU á sölu metans þannig að skilmálar Samkeppnisstofnunar séu ekki brotnir.

Með virðingu,

Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri